

**Umhverfisstofnun**  
**Suðurlandsbraut 24**  
**108 Reykjavík**

Reykjavík, 3. mars 2021

**Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir sjókvíaeldi á 11.000 tonna ársframleiðslu af laxi í Fáskrúðsfirði**

Vísað er til tillögu að breytingu á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir sjókvíaeldi á 11.000 tonna ársframleiðslu af laxi í Fáskrúðsfirði sem auglýst var 2. febrúar sl. Í auglýsingu kemur fram að um sé að ræða breytingar á grein 1.2 sem snúi annars vegar að heimild til notkunar á frjóum laxi og hins vegar breytingu á eldissvæði og sjókvíaeldissvæðum. Breyting á notkun á frjóum laxi sé í samræmi við endurskoðað mat Hafrannsóknastofnunar á erfðablöndun. Breyting á eldissvæði og sjókvíaeldissvæðum sé í samræmi við niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu sem birt hafi verið 13. janúar 2021. Einnig séu gerðar breytingar og uppfærslur á leyfinu til samræmis við nýjustu leyfi sem gefin eru út af stofnuninni.

Tilvitnaðri ákvörðun Skipulagsstofnunar 13. janúar sl. var skotið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með kæru 15. febrúar sl. sem fylgir hjálagt, sbr. fskj. 1. Þær athugasemdir, sem gerðar eru í kærinni við ákvörðun Skipulagsstofnunar hafa þýðingu fyrir ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytingu starfsleyfis sem reist er á grundvelli fyrrnefndu ákvörðunarinnar. Um þessar athugasemdir vísast nánar til fskj. 1.

Af auglýsingu verður ráðin sú forsenda hinnar auglýstu breytingartillögu að breyting á heimild til notkunar á frjóum laxi sé ekki háð undanfarandi málsmeðferð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 eða IV. kafla sömu laga. Þessi forsenda er ekki rétt eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla IV.1 í fskj. 1. Vísast til þeirra athugasemda sem þar koma fram. Í samræmi við það brestur lagaskilyrði að svo stöddu til að gera breytingar á starfsleyfinu að þessu leyti.

Í öðru lagi verður ráðið af auglýsingu að fyrirhuguð breyting á leyfðu magni af frjóum laxi sé reist á áhættumati Hafrannsóknastofnunar á erfðablöndun, sbr. nú 6. gr. a laga nr. 71/2008. Ekki verður séð að umrætt mat hafi sætt málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 106/2005 um umhverfismat áætlana, þrátt fyrir að það falli undir gildissvið þeirra laga. Á það einnig við um burðarþolsmat sömu stofnunar, sbr. 6. gr. b laga nr. 71/2008. Einnig að þessu leyti brestur grundvöll til fyrirhugaðra breytinga á starfsleyfi, enda hvorki verið lagður grundvöllur að þeim með ákvörðun um matsskyldu þeirra eða mati á umhverfisáhrifum þeirra né með mati á umhverfisáhrifum þeirra áætlana sem þær eru reistar á.

Af auglýsingu verður loks ráðið að til grundvallar auglýstri breytingartillögu liggi ákvörðun Skipulagsstofnunar 13. janúar sl. um matsskyldu annarra fyrirhugaðra breytinga en framangreindrar breytingar á notkun á frjóum laxi. Umrædd ákvörðun Skipulagsstofnunar

# MAGNA


hefur sem fyrr segir verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. fskj. 1. Þær athugasemdir sem gerðar eru við þessa ákvörðun í kærinni eiga jafnframt við um hina auglýstu breytingartillögu, sem reist er á grundvelli fyrrnefndu ákvörðunarinnar. Vísast um þessar athugasemdir til kærunnar.

Í síðastgreindu sambandi skal áréttað, að ákvörðun Skipulagsstofnunar þess efnis að breyting á framkvæmd í flokki B í viðauka 1 við lög nr. 106/2000 skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum er því aðeins lögmætur grundvöllur að útgáfu framkvæmdarleyfis í skilningi 13. gr. sömu laga, að fyrrnefnda ákvörðunin sé lögum samkvæm. Ógildanleg matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar, sem háð er verulegum annmörkum, getur ekki orðið slíkur grundvöllur undir ákvörðun um breytingu framkvæmdarleyfis. Þótt það sé ekki í verkahring Umhverfisstofnunar að endurskoða ákvarðanir Skipulagsstofnunar, verður stofnunin engu að síður við útgáfu framkvæmdarleyfis að taka afstöðu til athugasemda sem gerðar hafa verið við slíkar ákvarðanir og þar með grundvöll leyfisveitingarinnar.

Samkvæmt öllu framansögðu eru gerðar athugasemdir við grundvöll fyrirhugaðra breytinga á starfsleyfi Fiskeldis Austfjarða hf. fyrir sjókvíaeldi á 11.000 tonna ársframleiðslu af laxi í Fáskrúðsfirði, bæði að því er varðar fyrirhugðar breytingar á magni á frjóum laxi og fyrirhugaðar breytingar varðandi staðsetningu eldissvæða og útsetningu seiða eins og nánar greinir í hjálagðri kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Með framangreindum athugasemdum er ekki tekin afstaða til auglýstrar tillögu eða fyrirhugaðra framkvæmda umfram það sem þar greinir. Áskilinn er allur réttur til að gera frekari athugasemdir við auglýsta breytingu og hlutaðeigandi framkvæmdir síðar, þ.m.t. til að skjóta kæranlegum ákvörðunum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða bera lögmæti þeirra undir dómstóla eftir því sem tilefni er til.

Virðingarfyllst,  
f.h. Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi og  
Náttúruverndarsamtaka Íslands,

  
Flóki Ásgeirsson lögmaður

Fylgiskjal:

Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 15. febrúar 2021